

5. fundur fræðslu- og æskulýðsnefndar vegna Flúðaskóla árið 2010, haldinn 25. ágúst í kl. 13.00, í Flúðaskóla 2. fundur kjörtímabilsins.

Mætt til fundar: Helgi Jóhannesson, formaður, Unnsteinn Logi Eggertsson, Gunnar Jóhannesson, Guðrún Pétursdóttir skólastjóri, Jóhanna Lilja Arnardóttir aðstoðarskólastjóri, Bára Sævaldsdóttir fulltrúi kennara, Ingvar Hjálmarsson og Lára Bergljót Jónsdóttir, Skeiða- og Gnúpverjahrepp. Axel Árnason Njarðvík, fulltrúi úr skólaráði, boðaði forföll.

Dagskrá.

1. Skýrsla skólastjóra.
2. Húsnæðismál, húsakostur skólans kynntur, umræður.
3. Breytingar á skólaakstri og öryggi gangandi vegfarenda.
4. Hlutverk fræðslunefndar og erindisbréf.
5. Önnur mál.

Formaður setti fundinn og bauð viðstadda velkomna. Gengið var til dagskrár.

1. Skýrsla skólastjóra.

Skólastarf fer vel af stað og í vetur verða líklega 162 nemendur í skólanum. Kennarar eru 24 talsins í rúmlega 19 stöðugildum, aðrir starfsmenn eru 15.

Nýir starfsmenn eru Guðbjörg Viðarsdóttir, sem er umsjónarkennari 4. bekkjar og kennir íþróttir og Hulda Hrönn Stefánsdóttir stuðningsfulltrúi og kennir heimilisfræði í vali.

10. bekkur er í árlegri heimsókn í Danmörku en það er vikuferð hjá þeim.

8. bekkingar fara inn í Kerlingarfjöll á fimmtudaginn í einnar náttar hópeflisferð.

Töluverðar skemmdir voru unnar á útikennslustofu í sumar og er unnið að úrbótum.

Haustkynningarfundur fyrir forráðamenn verður haldinn 1. september og skólafærninámskeið fyrir forráðamenn 1. bekkinga verður fljótlega en á það koma auk skólastjóra og umsjónarkennara kennslufulltrúi frá skólaskrifstofu og skólahjúkrunarfræðingur.

Unnið var í húsnæði skólans í sumar, m.a. skipt um glugga og rifinn veggur á kennslugangi. Vel gekk með matjurtagarðinn við skólann í sumar.

2. Húsnæðismál, húsakostur skólans kynntur, umræður.

Skólastjóri kynnti minnisblað um þörf á helstu umbótum á húsnæði skólans, búnaði hans, sundlaug og íþróttahúss. Minnisblaðið fylgir fundargerðinni. Fræðslunefnd lýsir yfir ánægju með

þær umbætur sem gerðar hafa verið, en leggur jafnframt áherslu á að haldið verði áfram að vinna í málunum.

3. Breytingar á skólaakstri og öryggi gangandi vegfarenda.

Formaður fór yfir málið. Skólaakstri hefur verið hætt í Norðurbæinn. Málaðar hafa verið gangbrautir og aðrar umferðarmerkingar á Flúðum. Gangbrautarvörður er á morgnanna við Hofatún.

4. Hlutverk fræðslunefndar og erindisbréf.

Formaður fór yfir stöðu málsins. Samþykkt að formaður safni saman gögnum og setji vinnuna af stað.

5. Önnur mál.

Engin önnur mál voru tekin fyrir.

Fleira var ekki gert.

Fundi slitið kl. 14.35